

Halldór Laxness:

Frá gömlum hundamanni

HUNDURINN er besti vinur mannsins og hefur verið tryggastur förunautur hans gegnum söguna. Trygðabandið milli hunds og manns virðist vera stofnað af náttúrunni sjálfri, þessar tvær tegundir koma ævinlega fram í félagi hvor annarri til styrktar hjá öllum þekktum þjóðflokkum að forn og nýju. Fyrirbrigðið hét **symbiosis** í náttúrusögum sem við lærðum í unglingaskóla: samlífi tveggja tegunda. Það hefur aldrei fundiðst þjóðflokkur á svo lágu stigi að hann hafi ekki haft siðmenningu til að umganga hund. Hundurinn er að sinnu leyti eina skepnan sem fyrirgefur manninum. Fyrsta og síðasta lífskrafta hundsins er sú að eiga sér menskan húsbónda. Það má einu gilda hvað húsbóndinn er vondur, og þó hann berji hundinn sinn og setji í hann fötinn, svelt hann og víki aldrei til hans hlýlegu orði, ekkert fær rofið trygð hundsins. Ef húsbóndinn finst dauður á viðavangi verður að slíta hundinn burt frá líkinu með valdi. Grímur Thomsen orti svo:

Sá er nú meir en trúr og tryggur með trýnið svart og augun blá; fram á sínar lappir liggur líki bóndans hjá.

Annað mál er það að íslendingum er margt betur gefið en fara vel með hundinn sinn. Laungum hefur viljað viðbrenna að draslarar í sveitum tímdu ekki að gefa rakkanum að éta en létu hann ganga í hræ og annan öþverra á viðavangi, eða drógu hann fram á þesskonar sorpi sem vitað var að þessar skepnur þrífast ekki af ellegar klíggjar við. Hundurinn tekur ekki á heilum sér nema hann fái að lifa við einhverja fasta reglu sem honum er sett af húsbónda hans; en margir íslendingar bera ekki við að venja hunda sína né kenna þeim neitt hegðunarmunstur sem dýrið geti haldið sér að í lífinu. Af umönnunarleysi sínu og kaldlyndi gagnvart skepnunum láta íslendingar iðulega þessi kvikindi sín ganga vilt úti náttúrunni, stundum í flokkum; ellegar ótamin varðnátúra hundsins kemur fram í því að hann liggur úti á þjóðvegum að gímma á bíla allan daginn frá morni til kvölds.

Sannarlega er mál til komið að það opinbera setji reglur um hundahald ekki síður í sveit en borg. Eg er einn af mörgum íslendingum sem alla tíð frá barnæsku hef verið félagi hunda, og þeir mínir, og því er það von mín að þær reglur sem dýraverndunarsamtökin mæla með við yfirvöldin, og nýlega var prentað uppkast af í blöðum, verði hafðar strágar. Á slíkum reglum er nú nauðsyn hér á landi sakir þess að hagrif þjóðarinnar og hættir hafa breyst svo ört að siðmenningarvöxtur í landinu hefur ekki haft í fullu tré við breytingarnar. Dýraverndunarsamtökin eiga þakkið skildar fyrir að veita hinu opinbera siðferðistyrk í þessu máli, ekki síst þar sem of marga íslendinga skortir siðmenningu til að umganga hunda nú á dögum sem sjá má af ekki allfáum ritsmiðum um „hundahald“ sem prentaðar hafa verið í sendibréfadrákkum dagblaðanna.

Í erindi hundavinafélagsins til yfirvaldanna er málsgrein þar sem ég vildi benda dálitlu við, það er þar sem stendur: „... við höfum farið fram á það við lögregluvirkvöld, bæði munnlega og skriflega, að þau sjái um að fjarlægja alla hunda sem látnir eru ganga lausir í þéttbýli“

osfrv. Í staðinn fyrir „í þéttbýli“ vildi ég leggja til að sagt væri „í sveit og borg“; þas. að við sveitamenn séum undanþegnir þeim sérreittindum og heiðri að mega láta hunda okkar darka umhirðulausa og viltu í landinu, hvort heldur á viðavangi eða úti á þjóðvegum. Ég tel að þeir menn sem svo fara með hunda sína séu þess ekki um komnir að eiga hund, né heldur verðir þess. Ég hef ekið um þjóðvegi landbúnaðarhéraða í flestum löndum Evrópu og Norðurameríku, en aldrei nokkurtíma séð búhunda sveitamanna staðsetta (einsog sagt er á nútíðarmáli) á þjóðbrautum, því síður löðahunda flækjast á viðavangi í hópum. (Þó get ég ekki neitað því, að ég hefi séð hundalíf af þessu tagi í Indlandi, en þar náði það ekki aðeins til hunda, heldur einnig mannfólksins sjálfs.)

Margir sem annars virðast hafa fulla skynsemi skrifa í blöðin að hundar eigi að vera uppi sveit þar sem þeir geti hlaupið um í náttúrunni „frjálsir“ (viltir?). Hundar eiga heima uppi sveit, er vígðr sem menn þrastagast á. Þetta er misskilningur. Hundurinn á heima í nálægð mannsins, hvergi annarsstaðar. Afturamóti er bráðnauðsynlegt að setja reglur um hundahald í sveitum einu síður en í kaupstöðum af þeim rökum sem ég var að færa fram. Í reglum um kaupstaðahunda er afturamóti mikilvægt, og ætti að vera algilt, að einginn skuli fá að halda hund sem ekki getur bent á vissan stað þar sem hundurinn má víðra sig og ganga þarfinda sinna; því hundar eru í þessum punkti nákvæmir einsog þrífir fólki. Það heyrir undir illa meðferð á skepnunum að hafa hund án þess að geta komið til móts við þrífnaðarnáttúru þessara kvikinda. Eingum ætti heldur að líðast að hafa hund, hvorki í sveit né borg, nema hann geti sannað með vottorði dýralæknis að kvikindið sé hreinsað reglulega.

Margir hafa undrast við mig rutlkend skrif um hundagrey í ofanefndum dálkum blaðanna þar sem oft taka til máls einkennilegir sérvitringar og fólk sem stendur á öðru menningargstigi en almenningur á Íslandi. Áttu menn þó að vera ýmsu vanir af lestri Guðmundar Jónssonar á sendibréfum úr pósthóli 120. Stundum eru bréfarinnar bersýnilega klikkaðir (sisöfrenja, „kleyfhugasýki“). Furðu margir skrifa undir dulnefni, sem er óþekt blaðamenska annarsstaðar í heiminum, þó dulnefnið séu víst ekki teingianleg við þjóðerni sem sérgrein íslendinga. Þeir sem oft fá sendibréf frá geðbiluðu fólki, einsog rithöfundar, þekkja vel tilhneigingu svona fólks til að fela sig bak við önnur nöfn og annan status en það hefur sjálft; tam. er algeingt að fólk sem þjáist af sadisma og öðrum erföldum ónáttúrum reyni að villa á sér heimildir með því að skrifa sig „heimilisföður“, „þriggja Borna móður“, „gamla konu í Vesturbænum“ eða þvímúlikt. Eitt sérkenni á bréfum svona fólks er að aðalatriði hvers máls hverfa því sjónum með öllu, en aukaatriðin taka á sig voveiflegar myndir í ímyndun þess; td. þegar það talar um hunda, þá sér það ekki annað en sáur hunda sem verður í augum þess að „fjallháum hrúgum útum allar gangstéttir“. Fólk á þessu stigi skrifar yfirleitt ekki í blöð í öðrum löndum.

Svona sálarfaraldrar blossa hér einlægt upp þegar minst

varir, einkum í skammdeginu. Hægrihandarveikin er ágætt dæmi frá umliðnum misserum; sömuleiðis bjórveikin sem virðist vera landlæg sálarbilun ævinlega tilbúin að blossa upp; symfóníuveikin er föst klikkun í pósthóli 120 og virðist hafa staðið í stað síðan 1930 að útvarpið var stofnað; og nú hunda-veikin. Þegar ég var að alast upp hér í bænum og grend, þá grasséraði Rakarafrumvarpið. Mig minnir að deilan hafi staðið um það, klukkan hvað ætti að loka rakarastofum á kvöldin. Ýmsir samáspólitíkarar og kleyfhugar lögðu þetta mál fyrir sig sem sérfræðigrein, eða kanski maður ætti að segja rórill. Á einum æsingafundi um málið í Barnaskólalportinu, þar sem líka voru krakkar, heyrði ég og sá þektan borgara æpa undir einni ræðunni: Hér skal blöð mæta blöði. (Mig minnir ég hafi einhversstaðar komið deilunni um Rakarafrumvarpið á framfæri í rómán, en ef ég man rétt gerði ég fundinn þó akademiskari en þessir fundir voru í raun og veru.)

Ég get ekki að því gert að ég hef ævinlega verið ögn veikur fyrir afkáralegri röksemdafærslu kleyfhuga, líklega af því ég kynnir að vera eitthvað sisöfren sjálfur. Þessvegna get ég ekki stilt mig um að tilfæra til gamans skoðanir á hundum sem mér getur vitanlega ekki komið til hugar að andmæla.

Ýmsir bréfaritarar dagblaðanna ganga berserksgang gegn þeirri stefnu sem þeir telja að uppi sé, að nú eigi með lögum að skylda sérhvert heimili í Reykjavík til að halda að minsta kosti einn hund; bréfaritari nokkur reiknar út að þar sem fimm nef séu til uppjafnaðar á heimili hér í bænum, og íbúar 100.000, þá verði innan skamms 20.000 hundar í bænum. Á móti þessari voðalegu stefnu um lögskipað hundahald færir höfundurinn (sem er dama) þau rök að slíkt sé fráleitt í „sveltandi þjóðfélagi þar sem einginn hefur fikjublað til að hylja sárustu nekt sína, þjóðfélagi... þar sem allir þegar eru að hrynja niður úr hor og vesöld“ osfrv. Annar höfundur telur að ef stefnunni verði framfylgt muni myndast hér samskonar ástand og í Lima í Perú þar sem búi jafnmargir

hundar og menn. Þá kemur bréfaritari sem færir þau rök á móti hundum, að á einni Manhattan (New York) hafi maður verið að vökva blómum í garði sínum og hafi þá komið hundur og lyft beini á skallann á honum. Önnur röksemd sama höfundar gegn hundum er sú að kynvillingar gangi út á stræti með skrítilega hundum í bandi til að vekja eftirtekt annarra kynvillinga á sér. Skemtilegur er líka hugsana-gangur þess bréfaritara sem byrjar á því að útmála hunda einsog óargadýr sem öll heimsbygðin skelfist við, skýrir síðan frá því að börn hér í Reykjavík séu svo elsk að hundum, að ef þau sjái þessar voðalegu skepnur gera þarfinði sín, þá hlaupi þau til og leggist yfir saurinn. Maður nokkur (virðist vera heldrimaður) skrifar bréf undir dulnefni og segist hafa streingt þess heit og hvenær sem hann sjái útum gluggann hjá sér að hundur sé að nálgast hús hans, þá ætli hann að grípa staf sinn, hlaupa út og ráðast á móti kvikindinu og lemja það með stafnum af öllum lífs og sálar kröftum. Margir bréfaritaranna sjá einga leið útúr þráhyggju sinni aðra en þá að skora á lögreglustjórnann í Reykjavík að útmá þessi kvikindi með öllu. Má segja að hjá flestum þessara höfunda sé blöðbaðið höfuðatriði.

Þegar hér er komið sögu lángar mig samt að slá huggunarrika nótu. Því fer sémseð fjarri að íslendingar séu sú þjóð sem verst er á vegi stödd að því er smertir smitnema sálsýkisfaraldra. Ég er meira að segja ekki fjarri því að einhverskonar „lappsjuka“ ætti að vera normalt ástand hér í skammdeginu, hnattstöðubundnar sálarhrellingar sem menn leitast við að bægja frá sér með einhverskonar rosatiltæktum, t.d. fyllirí sem er einskonar súrrógat fyrir sjálfsmorð. Oft er tekið það ráð að leita uppi einhvern sökudólg að svara sér á. Íslenskt máltæki segir að það verði að vera strákur í hverri lestaferð: strákurinn var hafður til að kenna honum um alla klæki og láta bitna á honum öll óhöpp sem fyrir komu í fönni. Ef það snaraðist yfrum á einni truntunni þá var að berja strákinn. Frægur útlendur geðbilunarfaraldur áður fyrri, og

komst meira að segja til Íslands, var sá að leita uppi gamlar konur, einkum einstæðar og snauðar, og brenna þær á báli með þeirri röksemd að þær væru í sambandi við djöfulinn. Í Rússlandi og Þýskalandi er svokallaður antisemitismi eða gyðingahatur landlægt og er gamall og nýr síður hjá þessum þjóðum að skipuleggja blöðbað á gyðingum ef eitthvað geingur úrskeiðis hjá þeim. Pogrom svokölluð (at í gyðingum) voru meðöl þessara þjóða við geðbilun sem grasseraði í þeim sjálfum. Um gyðinga voru sagðar sögur líkar þeim sem sagðar eru á Íslandi nú á dögum um hunda. Það er til dæmis aldagömul viska í Rússlandi og Þýskalandi að gyðingar hafi fyrir síð að éta börn á páskunum. Í miðri heimsstyrjöldinni síðari höfðu rússar og þjóðverjar fróðlega samvinnu um að skjóta 32 þúsund varnarlauða gyðinga, mestan part konur, börn og gamlamenti, hjá Baby Jar, gílskórningi fyrir utan Kiev 29.—30. september 1941. Þeir hjálpuðust síðan að því að fela líkin í giliu. En líkin fundust og þessi „hundamorð“ urðu sú hetjudáð rússneskra og þýskra herja sem lifir lengst úr styrjöldinni 1939—1945. En hversvegna gamlar konur? Og hversvegna gyðinga? — Jú það er einfaldlega vegna þess að hér er um að ræða minnihlutahópa sem menn vona að séu svo alls vesalir að það sé óhætt að ráðast á þá, þeir muni ekki geta borið hönd fyrir höfuð sér. Nú er heitið á lögreglustjórnann okkar hérna í Reykjavík að vinna samskonar frægðarverk á okkar ferfættu vinum; og einsog fyrri daginn í þeirri von að þar sé vesall hópur fyrir, sem ekki muni bera hönd fyrir höfuð sér.

Hvað sem lögreglustjórnin í Reykjavík kann að vilja í þessu máli, þá tel ég ekki líklegt að lögregluhljóðinu í Reykjavík, sem samanstendur af heilbrigðum alþýðumönnum, venjulegum íslendingum, verði otað fram til að ganga í hús borgaranna og draga út þaðan besta vin fjölskyldunnar í blóðsúthellingaskyni. Þessi skoðun mín styðst við reynslu sem ég hef af mannúðlegum og skilningsríkum hugunarhætti þessara manna í samskiftum við mig vegna hunda minna gegnum árin.

„Læknar segja frá“

Ný bók skráð af

dr. Gunnari G. Schram

ÚT ER komin ný bók, „Læknar segja frá“, skráð af dr. Gunnari G. Schram. Eru það þættir úr lífi og starfi átta þjóðkunnra lækna. Úlfar Þórðarson segir frá læknisstörfum á styrjaldarárunum í Færeysjum, Helgi Ingvarsson, fyrrum yfirleknir á Vífilsstöðum, lítur til liðsins, tíma,

Bjarni Snæbjörnsson segir frá héraðslæknisstörfum fyrir hálfri öld, rætt er við Úlf Ragnarsson um sálarrannsóknir, andalæknir og afstöðu læknisfræðinnar, rætt við dr. Sigurð Samúelsson, prófessor, um sögu, tilgang og störf Hjartaverndar, spjallað við Guðmund Thoroddsen, pró-

fessor, Skúli Thoroddsen rifjar upp endurminningar um föður sinn og Páll V. G. Kolka segir frá námsvisti sinni í Ameríku.

Á kápusíðu segir m. a.: „Hér segja þeir (læknarnir) á hispurslausan hátt frá lífi sínu, námi og starfi við hinar ólíklegustu aðstæður, allt frá íslenskri sveit til skuggahverfa New York. Meðal annars er greint frá hinni miklu drepsótt, spönskum veikinni, baráttu við berkaveikina og hjartasjúkdómum, svo og viðhorfum læknisfræðinnar til annars lífs og hinna svonefndu huglækninga. — Og sagt er frá starfi lækna í sveitum Íslands fyrir meira en hálfri öld, áður en nútímalýf og lækningatæki komu til sögunnar.“

Bókin er 216 bls. að stærð, með allmörgum myndum. Útgefandi er Setberg.

Orrustuflugsveitin í Keflavík heiðruð

HUGHES flugvélaferksmiðjurnar, veittu síðastliðinn fimmtugdag Fimmflugustu og sjöundu orrustuflugsveitinni í Keflavík Hughes verðlaunin eða „Hughes Achievement Award“, sem árlega eru veitt þeirri flugsveit í flugher Bandaríkjana sem náð hefur frábærum árangri í starfi.

Hughes verðlaunin hafa verið veitt orrustuflugsveitum í átján ár, og eru þau eftirsóttustu sem veitt eru. Bob DeHaven, tilraunaflugmaður hjá Hughes verksmiðjunum afhenti verðlaunin, en meðal gesta voru Arthur Salisbury, hershöfðingi, yfirmaður loft-

varnasveita Bandaríkjana, John Beiling, aðmíráll, yfirmaður varnarliðsins í Keflavík og aðrir háttsettir yfirmenn loftvarnasveitanna. Salisbury, hershöfðingi, afhenti og sveitinni viðurkenningu fyrir störf hennar.

Fimmflugustu og sjöundu orrustuflugsveitinni er ætlað að hlutverk að fylgja með ferðum hverflugvéla erlendrar ríkja í nánd við Ísland. Flestallar þessar vélar koma frá Rússlandi, og koma þær bæði oft og reglulega. Mesta umferð á þriggja vikna tímabili hingað til, var niúti stórar sprengjuflugvélar af gerðinni Tupolev TU 20.

Stjórnmalasamband

Kinshasa, 15. desember, NTB. KONGÓ-KINSHASA og Kongó-Brazzaville tóku í dag upp stjórnmalasamband á nýjan leik, en því var rift fyrir rösku ári. Forsetar landanna tóku á móti utanríkisráðherrum og var þá ákveðið að þeir skyldu jafnframt vera sendiherrar hjá hinni stjórninni.

Löndin slitu stjórnmalasambandi árið 1968 eftir að foringi uppreisnarmannar í Kwilu-héraðinu árið 1964, Piette Mulele, var tekinn af lífi í Kinshasa.